



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Drög að ákvörðun nr. XX/2014

**um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í
einstökum farsímanetum
(Markaður 7)**

31. október 2014

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1 Ákvörðun PFS nr. 3/2012	3
1.2 Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 7 út frá verðsamanburði.....	4
1.3 Innanlandssamráð	5
2. Forsendur verðsamanburðar	6
3. Útreikningur á lúkningarverði	7
4. Fyrirhuguð niðurstaða PFS.....	9

1. Inngangur

Í samræmi við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 3/2012, frá 13. janúar 2012, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7), hefur PFS nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum fyrir árið 2015. Niðurstaða þessa verðsamanburðar er birt í þessari fyrirhuguðu ákvörðun PFS um heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum.

1.1 Ákvörðun PFS nr. 3/2012

Í ákvörðun PFS nr. 3/2012 voru tiltekin fyrirtæki útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og viðeigandi kvaðir lagðar á þau. Áður en ákvörðunin var tekin voru drög að ákvörðuninni tilkynnt formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). ESA gerði engar athugasemdir við greininguna eða þær kvaðir sem PFS lagði til vegna umrædds markaðar. Umrædd ákvörðun var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála af hálfu IP-fjarskipta ehf. (Tal) að því er varðar verðlækkunarferil þess fyrirtækis. Með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 2/2012 frá 25. maí 2012 var ákvörðun PFS staðfest.

Í ofangreindri ákvörðun voru Síminn hf. (Síminn), Fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. (Nova), IMC Ísland ehf. (IMC) og IP-fjarskipti ehf. (Tal) útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Lúkning símtala í GSM/UMTS farsímaneti Símans.
- Lúkning símtala í GSM farsímaneti Vodafone.
- Lúkning símtala í UMTS farsímaneti Nova.
- Lúkning símtala í GSM farsímaneti IMC.
- Lúkning símtala í sýndarfarsímaneti Tals.

Á öll fyrirtækin voru lagðar kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá, en einnig var lögð á kvöð um bókhaldslegan aðskilnað á Símann og Vodafone.

Í ofangreindri ákvörðun kom fram að kvöðin um eftirlit með gjaldskrá fyrirtækjanna gerði ráð fyrir lækkun lúkningarverðs niður í 4,0 kr., eða aðra fjárhæð sem réðist af verðsamanburði, í tveimur áföngum til 1. janúar 2013. Á gildistíma framangreindrar ákvörðunar yrði lúkningarverðið síðan árlega uppfært miðað við nýjan verðsamanburð sem lokið skyldi eigi síðar en 1. nóvember ár hvert, í fyrsta skipti þann 1. nóvember 2012. Sú niðurstaða réði verðinu frá og með áramótum þar á eftir, í fyrsta sinn 1. janúar 2013.

Í ákvörðuninni var horfið frá því að ákvarða lúkningarverð íslenskra farsímafyrirtækja með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011¹. Þessari breytingu á aðferðarfræði við ákvörðun lúkningarverðs var ekki skotið til úrskurðarnefndar né dómstóla.

¹ EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.

1.2 Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 7 út frá verðsamanburði

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 3/2012 framkvæmdi stofnunin verðsamanburð 2012 og 2013 til að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala á markaði 7. Niðurstöður verðsamanburðanna voru birtar í ákvörðun nr. 32/2012, dags. 1. nóvember 2012 og ákvörðun nr. 25/2013, dags. 31. október 2013, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7).

Við framkvæmd þessara verðsamanburða hefur PFS tekið tillit til framangreindra tilmæla ESA varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum. PFS valdi samanburðarlöndin í samræmi við 12. gr. umræddra tilmæla ESA. Í júní 2012 höfðu Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Portúgal og Spánn tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggðu á pure BU-LRIC líkani í samræmi við tilmælin. Ári seinna höfðu Búlgaría, Grikkland, Króatía, Pólland, Slóvakía, Svíþjóð og Tékkland bæst við þann hóp.

Í ákvörðun PFS nr. 32/2012 var það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skyldi vera 1,66 kr./mín. fyrir tímabilið 1. júlí 2013 til 31. desember 2013. Í frumdrögum sínum hafði PFS gert ráð fyrir að hið lækkaða verð tæki gildi frá og með 1. janúar 2013. Vegna andmæla fjarskiptafyrirtækja og til að gæta meðalhófs ákvað PFS hins vegar að fresta gildistöku til 1. júlí 2013.

Ákvörðun nr. 32/2012 var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þann 29. nóvember 2012. Í úrskurði sínum nr. 6/2012 gerði úrskurðarnefndin athugasemd við gildistöku nýrra lúkningarverða.

Úrskurðarnefndin taldi ekki augljóst að gildistaka hins nýja lúkningarverðs hefði verið nauðsynleg þann 1. júlí 2013 hér á landi í ljósi þess annars vegar, hversu mörg samanburðarríkjanna hefðu ákveðið seinni gildistökutíma en PFS eða ekki tekið neina ákvörðun um upptöku umræddrar kostnaðargreiningaraðferðar, og hins vegar að um íþyngjandi ákvörðun væri að ræða. Ná hefði mátt því markmiði að samræma lúkningarverð við þau ríki sem samanburðurinn tæki til með lengri frestun á gildistöku hins nýja lúkningarverðs.

Af þeim sökum taldi úrskurðarnefndin að rétt væri að fella úr gildi þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar sem snéri að gildistöku hennar 1. júlí 2013. Gerði úrskurðarnefndin þá ráð fyrir að ákvörðun um upphafstíma lúkningarverðs yrði tekin í kjölfar úrskurðarins.

Úrskurðarnefndin vísaði frá þeim þætti kærunnar sem snéri að ákvörðun PFS um að lúkningarverð á markaði 7 yrði byggt á verðsamanburði og hvaða aðferðarfræði skyldi beitt við slíkan samanburð. Nánar er fjallað um úrskurð úrskurðarnefndar í kafla 1.3. í ákvörðun PFS nr. 25/2013.

Skilja mátti orðalag úrskurðarins á þann veg að nefndin hafi opnað fyrir þann möguleika að PFS tæki ákvörðun um nýjan gildistíma lúkningarverða sem gæti tekið gildi einhvern tímann á seinni helmingi ársins 2013. PFS taldi hins vegar ekki forsendur til að hrófla við hinu árlega endurskoðunarferli sem liggja skal fyrir með ákvörðun eigi síðar en 1. nóvember ár hvert með gildistöku frá 1. janúar næsta árs, sbr. áður nefnd ákvörðun PFS nr. 3/2012. Málsmeðferðartími slíkrar ákvörðunar eru nokkrir mánuðir með innanlandssamráði og samráði við ESA. Því taldi PFS ekki raunhæft að taka auka ákvörðun áður en ákvörðun PFS

nr. 25/2013 var tekin. Þar með tók nýtt verð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum upp á 1,66 kr./mín, skv. ákvörðun PFS nr. 32/2012, aldrei gildi og eldra verð upp á 4,00 kr./mín hélst í gildi þar til ný verð voru ákvörðuð með ákvörðun PFS nr. 25/2013.

Í ákvörðun PFS nr. 25/2013 var það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skyldi vera 1,64 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014.

Áður en ákvörðunin var tekin voru drög að ákvörðuninni tilkynnt formlega til ESA. ESA gerði engar athugasemdir við fyrirhugaða ákvörðun PFS.

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 25/2013 er því núgildandi lúkningarverð á markaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum 1,64 kr./mín. og gildir það til næstu áramóta. Í ákvörðunardrögum þeim sem hér eru til umfjöllunar er fjallað um verð sem gilda skulu á árinu 2015.

Þess má geta að PFS hyggst á næstu mánuðum endurskoða framangreinda ákvörðun sína nr. 3/2012 um markað 7. Þar gefst markaðsaðilum m.a. færi á að tjá sig um aðferðarfræði PFS við ákvörðun lúkningarverða frá og með 1. janúar 2016. Búast má við endanlegri ákvörðun í því máli um mitt ár 2015.

1.3 Innanlandssamráð

PFS efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þeirri ákvörðun sem hér er til umfjöllunar þann 19. ágúst 2014 og lauk því þann 9. september s.l. Athugasemdir bárust frá IP-Fjarskiptum ehf. (Tal).

Tal lýsti sig andsnúið fyrirætlunum PFS í þeim frumdrögum að ákvörðun PFS sem birt voru til samráðs.

Tal bendir á að samkeppnisstaða farsímanetsrekenda á Íslandi sé engan vegin sú sama. Því sé bæði óeðlilegt og ósanngjarnt að þeim skuli öllum gert að innheimta sama verð fyrir lúkningu í kerfum sínum. Samræmd verðlagning taki ekki mið af aðstæðum, rekstrarkostnaði eða stærðarhagkvæmni hvers og eins fjarskiptafélags. Því endurspegli hún ekki misjafnar tekjuþarfir þeirra og kunni fyrir vikið að skekkja samkeppnisstöðu þeirra, í stað þess að stuðla að aukinni samkeppni, neytendum til heilla. Eðlilegt og langfarsælast væri að leyfa hverjum og einum aðila að ráða verðlagningu sinni, líkt og tíðkist við verðlagningu á annarri þjónustu.

Þá nefnir Tal að fyrirhuguð ákvörðun PFS um lækkun verðs og samræmda verðlagningu allra fjarskiptafélaga geti vart talist tekin á málefnalegum grundvelli, þar sem hún taki ekki mið af tekjuþörf þeirra eða kostnaði við að veita þjónustuna og kunni því að vera ólögmæt.

PFS bendir á að athugasemdir Tals varða á engan hátt frumdrög PFS að ákvörðun vegna árlegrar endurskoðunar á lúkningarverðum sem hér er til umfjöllunar. Ákvörðunin varðar einungis framkvæmd þess verðsamanburðar sem kveðið var á um í ákvörðun PFS nr. 3/2012.

Tal kærði ákvörðun PFS nr. 3/2012 til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála m.a. að því er varðar ákvörðun PFS um verðlækkunarferil fyrirtækisins. Með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 2/2012 frá 25. maí 2012 var ákvörðun PFS staðfest og þar með var staðfest sú aðferðafræði

(verðsamanburður) sem beytt var við ákvörðun lúkningarverðs í þessum ákvörðunardrögum PFS.

Aðferðafræðin við framkvæmd verðsamanburðarins er sú sama og notuð var í ákvörðunum PFS nr. 32/2012 og nr. 25/2013 og er hún í samræmi við tilmæli ESA. Nova kærði ákvörðun PFS nr. 32/2012 eins og rakið er hér að framan en eins og þar kemur fram var þeim hluta kæru Nova er snéri að aðferðafræði PFS við ákvörðun lúkningarverðs vísað frá.

Af þessum sökum telur PFS að athugasemdir Tals kalli ekki á neinar breytingar á fyrirhugaðri heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum sem boðuð var í innanlandssamráðinu.

2. Forsendur verðsamanburðar

Eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 3/2012 skal PFS taka árlega ákvörðun um hámarks lúkningarverð íslenskra fjarskiptafyrirtækja, í kjölfar verðsamanburðar við EES-ríki samkvæmt nánar tiltekinni aðferðafræði, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert sem gilda skulu frá og með 1. janúar árið eftir.

PFS hyggst fylgja sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og gert var í síðasta verðsamanburði. ESA hefur ekki gert athugasemd við þá aðferðafræði og ákvörðun PFS nr. 25/2013 var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

Framkvæmdastjórn ESB gaf út tilmæli varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum í maí 2009². Framkvæmdastjórnin taldi kvaðir varðandi lúkningarverð ekki vera nægilega einsleitar í aðildarríkjum sambandsins og ákvað því að gefa út tilmæli sem stuðla ættu að samræmingu. ESA gaf út sambærileg tilmæli þann 13. apríl 2011³.

Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um lúkningargjöld sem taka mið af kostnaði við lúkningu símtala í farsímanetum sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti í samræmi við kostnaðarlíkan sem byggir á langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC) aðferðinni⁴. Horft er til væntrar framtíðarþróunar á grundvelli núverandi kostnaðar og miðað er við hagkvæmustu tæknilegu lausnir, s.s. næstu kynslóðar net (NGN). Um er að ræða hreint gangverðs bottom-up LRIC kostnaðarlíkan⁵, svokallað „pure BU-LRIC“.

Viðeigandi viðbótarþjónusta (e. increment) í pure BU-LRIC líkaninu er lúkning símtala í heildsölu. Viðeigandi viðbótarkostnaður eða umflýjanlegur kostnaður (e. avoidable costs) vegna heildsölupjónustu fyrir lúkningu símtala er mismunur milli heildarkostnaðar netrekanda sem veitir fulla heildsölupjónustu og heildarkostnaðar sama netrekanda án lúkningar

² COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

³ EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.

⁴ Langtíma viðbótarkostnaður (e. Long-run incremental cost), þ.e. kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin þjónusta eða starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

⁵ Talað er um „bottom-up“ LRIC (BU-LRIC) líkan þegar um er að ræða kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði.

heildsölupjónustu til þriðja aðila. Með öðrum orðum, eingöngu er reiknaður sá kostnaður vegna lúkningar sem fellur niður ef viðkomandi þjónustu er hætt.

Samkvæmt framangreindum tilmælum ESA var fjarskiptaeftirlitsstofnunum veittur almennur aðlögunarfrestur til 31. desember 2012 til að undirbúa og innleiða pure LRIC kostnaðarlíkan.

Fjarskiptaeftirlitsstofnunum sem búa við takmörkuð aðföng (e. less well-resourced regulators) er veittur lengri aðlögunarfrestur eða til 1. júlí 2014 og jafnvel lengur ef það brýtur gegn meðalhófsreglu að þvinga slíkt stjórnvald til að innleiða pure BU-LRIC kostnaðarlíkan, nema BEREC aðstoði það faglega og/eða fjárhagslega við gerð slíks líkans. PFS telst til þeirra fjarskiptaeftirlitsstofnana sem búa við takmörkuð aðföng og hefur sú staða ekki breyst á því ári sem liðið er frá ákvörðun PFS nr. 25/2013. Heimilt er að beita t.d. verðsamanburði frá og með 1. janúar 2013 í stað slíkrar kostnaðargreiningaraðferðar ef sýnt er fram á að sú aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna. Útkoma úr annarri aðferð en pure BU-LRIC á ekki að vera hærri en meðalverð þeirra EES-ríkja sem beita pure BU-LRIC aðferð við útreikning lúkningargjalda í farsímanetum.

Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga getur PFS við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Með vísun í undanþágu í 12. tl. tilmæla ESA og heimild í 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga, hefur PFS nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða verð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á næsta ári, á sama hátt og gert var í ákvörðunum PFS nr. 32/2012 og 25/2013.

Við val á samanburðarlöndum er miðað við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu, en um er að ræða 31 ríki að Íslandi meðtöldu.

PFS hyggst leggja eftirfarandi meginforsendur til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum þegar verðsamanburði er beitt:

- Miða skal við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð markaðsráðandi fyrirtækja á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráreftirliti fjarskiptaftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er pure BU-LRIC aðferð.
- Samanburður á verðum miðast við niðurstöðu um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á pure BU-LRIC líkani sem liggja fyrir í júlí á því ári sem verðsamanburður fer fram hverju sinni. Við gerð verðsamanburðarins skal miða við að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miða skal við að ákvarðað verð sé ekki hærri en meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði.

3. Útreikningur á lúkningarverði

Í samræmi við ákvarðanir PFS nr. 3/2012, 32/2012 og 25/2013 og framangreindan úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 6/2012 hefur PFS nú tekið saman lúkningarverð

á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum EES-ríkja til að nota í verðsamanburð⁶.

Þar sem miðað er við fyrirliggjandi verð í júlí sl. er í þessari samantekt miðað við meðalgengi viðkomandi gjaldmiðils í íslenskum krónum á öðrum ársfjórðungi 2014⁷. PFS styðst í þessu efni m.a. við framkvæmd BEREC um gengisviðmið í reglubundnum samanburðum á lúkningarverðum⁸.

Í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum kemur fram að ef verðsamanburður er notaður skal hann skila útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna. Jafnframt kemur þar fram að útkoman má ekki að fara yfir meðaltal lúkningarverða sem hafa verið ákvörðuð af fjarskiptaeftirlitsstofnunum sem nota pure BU-LRIC kostnaðarlíkan sem grundvöll til útreiknings lúkningarverða. Samkvæmt þessu er ljóst að framkvæmdastjórnin og ESA leggja til að eingöngu séu notuð lúkningarverð sem byggja á pure BU-LRIC líkani í verðsamanburðinn.

Í samræmi við ofangreint hyggst PFS eingöngu taka mið af samanburðarlöndum þar sem lúkningarverðið hefur verið ákvarðað með pure BU-LRIC aðferðarfræði.

Verðsamanburður PFS miðar við þær upplýsingar sem lágu fyrir í júlí 2014. Á þeim tíma sem verðsamanburður PFS fór fram hafði viðkomandi eftirlitsstofnun í 18 EES ríkjum tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á pure BU-LRIC líkani. PFS hyggst því nota lúkningarverðin sem þessar stofnanir hafa ákvarðað sem grundvöll fyrir ákvörðun á lúkningarverði hér á landi í samræmi við það sem PFS kvað á um í framangreindri ákvörðun PFS nr. 3/2012 og úrskurðarnefnd staðfesti í framangreindum úrskurði sínum að væri rétt að gera.

Í töflu 3.1 eru þessi 18 ríki tilgreind ásamt samsvarandi lúkningarverðum í íslenskum krónum samkvæmt pure BU-LRIC líkani. Í viðauka A má einnig finna lúkningarverðin í mynt viðkomandi ríkis.

⁶ Heimild: CIRCABC, Cullen International, ESA og viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnanir.

⁷ Miðgengi Seðlabanka Íslands, sjá viðauka B.

⁸ Sbr. BEREC BoR (11) 35 MTR Benchmark snapshot (as of July 2011).

Tafla 3.1 Yfirlit yfir þau lönd sem notuð eru í verðsamanburðinum

<i>Samanburðarlönd</i>		<i>Kostnaðar- líkan</i>	<i>Lúkning kr./mínútu</i>
AT	Austurríki	Pure BU-LRIC	1,25
BE	Belgía	Pure BU-LRIC	1,83
UK	Bretland	Pure BU-LRIC	1,61
BG	Búlgaría	Pure BU-LRIC	1,58
DK	Danmörk	Pure BU-LRIC	1,39
FR	Frakkland	Pure BU-LRIC	1,24
GR	Grikkland	Pure BU-LRIC	1,70
IT	Ítalía	Pure BU-LRIC	1,52
HR	Króatía	Pure BU-LRIC	1,28
MT	Malta	Pure BU-LRIC	0,63
PT	Portúgal	Pure BU-LRIC	1,97
PL	Pólland	Pure BU-LRIC	1,59
RO	Rúmenía	Pure BU-LRIC	1,49
SK	Slóvakía	Pure BU-LRIC	1,90
SI	Slóvenía	Pure BU-LRIC	1,77
ES	Spánn	Pure BU-LRIC	1,69
SE	Svíþjóð	Pure BU-LRIC	1,39
CZ	Tékkland	Pure BU-LRIC	1,52
		Meðaltal	1,52

Við ákvörðun á verði fyrir lúkningu í farsímanetum á Íslandi notar PFS hreint meðaltal ofangreindra lúkningarverða. Meðaltalið er 1,52 kr./mín.

Þau samanburðarlönd sem bæst hafa við frá fyrri samanburði eru Austurríki, Malta, Rúmenía og Slóvenía.

Auk þeirra 18 ríkja sem hafa tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á pure BU-LRIC líkani hafa 3 ríki ákvarðað lúkningarverð út frá samanburði við þau lúkningarverð sem byggja á pure BU-LRIC líkani. Samtals eru það því 21 ríki, auk Íslands, sem hafa ákveðið að framfylgja tilmælum framkvæmdarstjórnar ESB og ESA.

4. Fyrirhuguð niðurstaða PFS

Í samræmi við niðurstöðu í framangreindum verðsamanburði er það fyrirhuguð niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skuli vera **1,52 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 3/2012 eiga gjöldin að vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum. Núverandi lúkningarverð, 1,64 kr./mín., munu gilda áfram óbreytt út árið 2014.

Tafla 5.1 Lúkningarverð í GSM/UMTS farsímanetum

<i>Fyrirtæki</i>	<i>Eining</i>	<i>Verð</i>	<i>Verð</i>
		<i>til 31. des 2014</i>	<i>1. jan. - 31. des. 2015</i>
Síminn	kr./mín.	1,64	1,52
Vodafone	kr./mín.	1,64	1,52
Nova	kr./mín.	1,64	1,52
IMC/Alterna	kr./mín.	1,64	1,52
Tal	kr./mín.	1,64	1,52

Heimild: Póst og fjarskiptastofnun

PFS mun endurskoða ofangreint lúkningarverð árlega til samræmis við niðurstöðu verðsamanburðar PFS, sem lokið skal með ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert, svo lengi sem verðkvöð á umræddum markaði kveður á um slíka aðferðafræði. Slíkt verður gert án þess að PFS þurfi að framkvæma nýja markaðsgreiningu á viðkomandi markaði þar sem aðeins er um að ræða tæknilega útfærslu á tiltekinni kvöð. Slík breyting kallar þó á innanlandssamráð og samráð við ESA áður en endanleg ákvörðun um breytingu er tekin, með sama hætti og hér hefur verið gert. PFS gerir þó ráð fyrir, eins og að framan er rakið, að hefja endurskoðun á markaðsgreiningu á markaði 7 á næstu mánuðum. Gert er ráð fyrir að ný ákvörðun á viðkomandi markaði líti dagsins ljós um mitt næsta ár.

Ákvörðunarorð

Í samræmi við verðsamanburð sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt skulu heildsölugjöld fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi vera 1,52 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Núverandi lúkningarverð, 1,64 kr./mín., mun gilda áfram óbreytt út árið 2014.

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 31. október 2014.

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – Yfirlit yfir lúkningarverð.

Viðauki B – Gengistafla.

Viðauki C – Álit ESA

Viðauki A – Yfirlit yfir lúkningarverð

Land	Lúkningar- verð Júlí 2014	Gjald- miðill	Gildistaka á verðum skv. tilmælunum	Kostnaðarlíkan	Pure LRIC verð - gildistaka		Saman- burðarverð ISK/mín
					Dags.	Pure LRIC verð	
Austurríki	0,805	€cent	1. nóv 2013	Pure LRIC	1. nóv 2013	0,805	1,25
Belgía	1,180	€cent	1. jan 2013	Pure LRIC	1. jan 2013	1,180	1,83
Bretland	0,845	Pence	1. apr 2013	Pure LRIC	1. apr 2013	0,845	1,61
Búlgaría	0,020	BGN	1. júl 2013	Pure LRIC	1. júl 2013	0,020	1,58
Danmörk	0,067	DKK	1. jan 2013	Pure LRIC	1. jan 2013	0,067	1,39
Eistland	1,100	€cent	1. júl 2013	BM - Pure LRIC	NA	NA	
Finnland	2,800	€cent	NA	FDC	NA	NA	
Frakkland	0,800	€cent	1. jan 2013	Pure LRIC	1. jan 2013	0,800	1,24
Grikkland	1,189	€cent	1. jan 2015	Pure LRIC	1. jan 2015	1,099	1,70
Holland	1,861	€cent	NA	LRIC+	NA	NA	
Írland	2,600	€cent	NA	BM	NA	Áætlað 0,57	
Ítalía	0,980	€cent	1. júl 2013	Pure LRIC	1. júl 2013	0,980	1,52
Króaía	0,128	HRK	1. jan 2015	Pure LRIC	1. jan 2015	0,063	1,28
Kýpur	1,709	€cent	NA	LRIC	NA	NA	
Lettland	1,050	€cent	1. apr 2014	BM - Pure LRIC	NA	NA	
Liechtenstein	7,650	CHF (cents)	NA	BM	NA	NA	
Litháen	0,036	LTL	1. apr 2013	BM - Pure LRIC	NA	Áætlað 0,0227	
Lúxemborg	0,980	€cent	NA	BM	NA	NA	
Malta	0,405	€cent	1. apr 2014	Pure LRIC	1. apr 2014	0,405	0,63
Noregur	0,160	NOK	NA	LRAIC	NA	NA	
Portúgal	1,270	€cent	31. des 2012	Pure LRIC	31. des 2012	1,270	1,97
Pólland	0,043	PLN	1. júl 2013	Pure LRIC	1. júl 2013	0,043	1,59
Rúmenía	0,960	€cent	1. apr 2014	Pure LRIC	1. apr 2014	0,960	1,49
Slóvakía	1,226	€cent	1. ágú 2013	Pure LRIC	1. ágú 2013	1,226	1,90
Slóvenía	1,140	€cent	1. ágú 2014	Pure LRIC	1. ágú 2014	1,140	1,77
Spánn	1,090	€cent	1. júl 2013	Pure LRIC	1. júl 2013	1,090	1,69
Svíþjóð	0,082	SEK	1. júl 2013	Pure LRIC	1. júl 2013	0,082	1,39
Tékkland	0,270	CZK	1. júl 2013	Pure LRIC	1. júl 2013	0,270	1,52
Ungverjaland	7,060	HUF	NA	LRIC	NA	NA	
Þýskaland	1,790	€cent	NA	LRIC	NA	NA	

Viðauki B – Gengistafla

Meðalgengi Seðlabanka Íslands fyrir annan ársfjórðung 2014

<i>Gjaldmiðill</i>	<i>Meðalgengi Seðlabanka Íslands 1. apr. - 30. jún. 2014</i>
BGN	79,17
CHF	127,01
CZK	5,64
DKK	20,75
EUR	154,85
GBP	190,06
HUF	0,51
LTL	44,85
NOK	18,86
PLN	37,15
SEK	17,11
HRK	20,38